

Loftgæði á Íslandi: Ársskýrsla 2019

Yfirlit úr ársskýrslu loftgæða 2019

Styrkur svifryks, brennisteinsdíoxíðs og brennisteinsvetnis var innan leyfilegs fjölda skipta yfir heilsuverndarmörkum efnanna á öllum mældum stöðum á landinu árið 2019. Eina efnið sem fór yfir leyfilegan fjölda skipta yfir heilsuverndarmörkum árið 2019 var köfnunarefnisdíoxíð (NO_2). Á Grensásvegi fór styrkur NO_2 11 sinnum yfir leyfileg mörk fyrir sólarhringsmeðaltal efnisins en einungis er leyfilegt að fara sjö sinnum yfir sólarhringsmörk ár hvert. 2019 er þriðja árið í röð þar sem NO_2 fer yfir heilsuverndarmörk.

Niðurstöður

Efni	Heilsuverndarmörk			Hversu oft fór yfir 2019	Undir heilsuverndarmörkum
	Meðaltími	Mörk ($\mu\text{g}/\text{m}^3$)	Má fara yfir		
Gróft svifryk PM ₁₀	24-klst	50	35x á ári	22x Akureyri, 15x Grensásv., 5x Húsdýrag., 1x Dalsmára, Hvaleyrarholti, Héðinsvík, Norðurhelli	✓
	Ár	40		Var undir ársmeðaltali	✓
Fínt svifryk PM _{2,5}	Ár	20		Var undir ársmeðaltali	✓
Brennisteinsdíoxíð SO ₂	1-klst	350	24x á ári	Aldrei	✓
	24-klst	125	3x á ári	1x Gröf, Grundartanga	✓
Brennisteinsvetni H ₂ S	24-klst	50	3x á ári	1x Hveragerði	✓
	Ár	5		Var undir ársmeðaltali	✓
Köfnunarefnisdíoxíð NO ₂	1-klst	200	18x á ári	9x Grensásvegi	✓
	24-klst	75	7x á ári	11x Grensásvegi	✗
	Ár	40		Var undir ársmeðaltali	✓